

22. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 28. febrúar 2007.

Mættir: Aðalheiður, Arne, Guðbjörg, Guðný, Hulda Sif og Svala.

1. Fundargerð Síðasta fundar

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð

2. Fundir með foreldrafélögum Síðuhverfis

Búið er að funda með öllum foreldrafélögum nema foreldrafélagi Síðusels. Verður það gert innan tíðar.

3. Gangbrautir í Síðuhverfi

Aðilar í foreldrafélögum hverfisins hafa haft orð á því hversu illa gagnbrautir eru merktar og staðsettar. Nefndarmenn ætla að kynna sér málin betur og verður það mál væntanlega rætt á næstkomandi fundi.

4. Aðalfundur

Stefnt er að því að halda aðalfund hverfisnefndar um miðjan maí. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar.

5. Önnur mál

- Formaður nefndarinnar kynnti fyrir öðrum nefndarmönnum sameiginlegan fund sem haldin var á vegum hverfisnefnda á Akureyri. Á þeim fundi kom m.a. fram:
 1. Skipulagsmál í bænum
 2. Fjármál hverfisnefnda, þ.e. ættu hverfisnefndir að hafa aðgang að einhverri ákveðinni fjárupphæð á hverju ári?
 3. Ágæti þess að nefndir bæjarins beiti sér saman í málefnum er varða öll hverfin. T.d. eins og aðstaða fyrir unglunga á aldrinum 14 – 16 ára.
- Þorablót hverfisins sem haldið var þann 3. febrúar gekk afskaplega vel. Um 60 manns mættu og gerðu sér glaðan dag saman.
- Næsti fundur er áætlaður mánudaginn 26. mars kl. 20:00

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið.
